



Sjálfbærniskýrsla  
Ölgerðarinnar  
2023

þorinu  
hugrokkinu  
kra  
ál  
vi  
hug  
Það sést hver  
drekka Kristal

f



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>	<b>4. Fjölbreytileiki</b>	<b>29</b>	<b>6. Kolefnishlutleysi</b>	<b>44</b>
Inngangsorð forstjóra	4	Fjölbreytileiki	30	Kolefnishlutleysi	45
Samstarfsaðilar	5	Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti	31	Kolefnisspor reksturs 52% minna með	
Stefna 2027	6	Kynjahlutföll	32	markaðsaðgerðum	46
Framtíðarsýn	7	Jafnvægisvogin	33	Rafvæðing bílaflotans	47
Hagsmunaaðilar	8	Hinsegin vottun Samtakanna '78	34	Rafvæðing í framleiðslu	48
Markmið sem náðust á árinu 2023	9	Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu	34	Losunarkræfni tekna	49
Markmið 2024	10	Kynhlutlaus salerni	34	Hvað er Science Based Targets (SBTi)?	50
		Aðgengi fyrir öll	35	Kolefnishlutleysi 2040	50
<b>2. Starfsemi Ölgerðarinnar</b>	<b>11</b>	Íslenskukennsla fyrir öll	35	Kolefnissporið!	51
Starfsemi og sjálfbærnistefna	12	Starfsþróun og menntunarstig	35	Niðurbrot á kolefnisspori	
Stöðugar umbætur grunnur að menningu	13	Núll-slysastefna	36	Ölgerðarinnar eftir árum	52
Sjálfbærnivægferð	14	Heilsueflandi vinnustaður	37	Orkusparandi verkefni	53
		Fræðsla og þjálfun	38	Viljayfirlýsing um skógrækt	53
<b>3. Sjálfbær vöxtur</b>	<b>15</b>	Starfaskipti	38	Loftslagstengd áhætta og tækifæri	53
Sjálfbær vöxtur	16				
Fjárfestingarákvarðanir minnka		<b>5. Hringrásarhagkerfið</b>	<b>39</b>	<b>7. ESG-þættir</b>	<b>54</b>
losunarkræfni	17	Hringrásarhagkerfið	40	ESG-þættir, efnisyfirlit	55
Starfs- og siðareglur	18	Söfnun og endurvinnsla		Skýrsla og áritun	
Aukning á vöruúrvali hollari		kaffihylkja á Íslandi	41	Klappa grænna lausna hf.	56
valkosta og áfengislausir bjórar	19	Minnkun hráefna og		Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra	
Áfengislaust gin	20	endurvinnsla umbúða	41	á sjálfbærniuppgjörinu	56
Vöruþróun með íslenskum hráefnum	21	Minnkun matarsóun í vefverslun	41	Skýrsla stjórnar og forstjóra	57
Íslensk framleiðsla er		Aukin flokkun, endurnotkun		Uppgjör	58–68
umhverfisvænni kostur	22	og uppvinnsla virðisstrauma á árinu	42	Skipulags- og rekstrarmörk	69
Íslenskt bygg til bjórgerðar	22	Endurvinnsla umbúða	43	Skilgreiningar	70–71
Tannvænir drykkir	23			Skýringar	72
Sætuefni	23			Staðfesting óháðs endurskoðanda	73
Leed Gold umhverfisvottun	24				
Sjálfbærnimælaborð	25				
Samstarfsaðilar og birgjamat	26				
Hvað eru vegan snyrtivörur?	27				
Umhverfisvænni umbúðir	27				
Styrkir	28				

## 1. Inngangur







# Inngangsorð forstjóra

Árið 2023 var ár tækifæra hjá Ölgerðinni og þau nýttum við af krafti. Framtíðarsýn okkar er skýr; við viljum vera fyrsta val og þá horfum við til starfsfólks, neytenda, hluthafa og raunar allra annarra. Sjálfbærni er lykilhugtak í okkar verkum og hefur verið um langt skeið. Sjálfbærar lausnir kalla á nýjar nálganir, samstarf niður alla virðiskeðjuna, staðfestingu á vísindalegri nálgun og við finnum að neytendur kalla eftir slíkum lausnum. Orkuskipti, samdráttur í losun, umhverfisvænni nálgun, hollari valkostir og fjölbreytileiki einkenndu að mörgu leyti starf okkar á síðasta ári.

Stór skref voru tekin í orkuskiptum á árinu 2023. Við erum afar stolt af því að hafa tekið á móti fyrstu rafmagnsflutningabílunum og mörkuðum þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi. Í dag er um 40% af bílaflota Ölgerðarinnar rafmagnsbílar. Við fjárfestum einnig í nýjum 3MW rafmagnskatli sem kom í stað 1,5MW olíuketils og frá því í september sl. hefur losun í framleiðslu verið 0 CO2ígildi. Það er árangur í verki! Auk þessa höfum við unnið í orkusparandi verkefnum í starfseminni, svo sem stýringu á loftflæði og uppsetningu á varmaskiptum. Þetta hefur skilað sér í bæði rafmagns- og tímasparnaði í suðu hjá félaginu.

Þessi verkefni eru öll hluti af aðgerðaráætlun sem felur í sér að ná vísindalegu samþykktu markmiði um samdrátt í losun sem miðar að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C fyrir árið 2030. Ölgerðin ásamt þeim fyrirtækjum sem hafa sett sér markmið samkvæmt Science Based Targets initiative (SBTi) settu af stað verkefni með Festu á árinu til að styðja við þessa nálgun, benda á mikilvægi leiðtogans og stuðla að markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um árangur og aðgerðir. Með því að fara eftir vísindalegri staðfestri nálgun er gerð krafa á fyrirtæki að nýta umhverfisvæna orkugjafa. Ölgerðin kallar á sama tíma eftir því við stjórnvöld að sam-

ræma orkustefnu á Íslandi við slíka nálgun, en því er ekki að heilsa eins og staðan er núna. Hefur það leitt til þess að Ölgerðin þurfti til að mynda að kaupa upprunaábyrgð með allri keyptri raforku, en slíkt er fjárfrekt og er til marks um óþarfa aukagjöld á fyrirtæki á sjálfbærnivegferð.

Aukinn kraftur hefur verið settur í að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu. Á árinu var sett upp söfnun og endurvinnsla kaffihylkja sem er með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkst hér á Íslandi. Milljónir kaffihylkja eru notuð hér á landi árlega og flytja Ölgerðin og dótturfélag þess Danól til dæmis inn um 16 milljón kaffihylkja á ári. Því miður var umhverfisvænt flokkunarferli ekki til staðar, en því tókum við á á árinu. Nú er hægt að skila notuðum kaffihylkjum á allar endurvinnslustöðvar Sorpu á höfuðborgarsvæðinu og endurvinnslustöðvar Íslenska Gámafélagsins á landsbyggðinni. Nánar er hægt að lesa um verkefnið inn á kaffihylki.is. Ýmis fleiri verkefni voru unnin sem sneru að aukinni flokkun, endurnotkun og uppvinnslu virðisstraums á árinu. Sem dæmi um slík verkefni má nefna að starfsmannafatnaður sem fellur til er nú endurnýttur og endurunninn og notaður til að búa til stóla, fjölnota poka og fleiri vörur.

Ölgerðin hlustar grannt á vilja neytenda og hefur samhliða því lagt markvissa vinnu í að bæta hollari valkostum við vöruúrvalið. Þannig hefur fjöldi vara sem innihalda minni eða jafnvel engan sykur aukist verulega. Hið sama má segja um bjórmarkaðinn, en margir áfengislausir bjórar hafa litið dagsins ljós og slegið rækilega í gegn. Vöruþróun er einnig markviss í þá átt að nýta íslensk hráefni. Með því að nýta íslensk hráefni umfram erlend hefur Ölgerðin minnkað kolefnisspor umtalsvert í þeim vörum sem Ölgerðin býður upp á. Stærsti ávinningurinn felst í því að framleiða drykkjarvörur hérna heima og nota þannig íslenska vatnið, þar getur munað

um 600% á kolefnislosun vegna flutninga. Þá er Ölgerðin einn stærsti notandi íslensks byggs til bjórgerðar, kollagen sem fellur til í vinnslu á íslenskum sjávarafurðum er notað í COLLAB og nýjasta viðbótin COLLAB Hydro inniheldur íslenskt sjávarsalt frá Saltverki.

Á árinu varð Ölgerðin fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta vottun Samtakanna '78 sem hinseginvænn vinnustaður. Vegferðin í þeirri vottun fólst meðal annars í fræðslu fyrir starfsfólk á hinseginleikanum ásamt því að framkvæma úttektir á fyrirtækinu með hinseginleikann í huga. Þetta var partur af stærra verkefni sem felst í inngildingu með aukinni jafnréttisfræðslu. Unnið er markvisst að því að útrýma öllum fordómum í fyrirtækinu og bjóða öll velkomin. Á árinu var m.a. Bara tala tekið upp, stafrænan íslenskukennara í formi apps. Hann byggir á gervigreind og íslenskri máltækni. Sérstaklega er tekið tillit til starfsemi Ölgerðarinnar í vali á orðum og notast er við sjónrænar vísbendingar.

Við hjá Ölgerðinni horfum til framtíðar á öllum sviðum og vitum sem er að taka verður jöfn og stundum stór skref til að takast á við krefjandi verkefni. Við viljum að hljóð og mynd fari saman þegar við tökumst á við sjálfbærni, umhverfisvernd, fordómaleysi, hollustu og framtíðarsýn. Árangur fyrirtækisins helst í hendur við frammistöðu okkar á þessum sviðum og skapar um leið eftirsóttan vinnustað með mannauð í fremstu röð. Við erum mjög spennt fyrir framtíðinni og þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir og ætlum að sýna í verki og með hjartanu áframhaldandi árangur á sviði sjálfbærni. Við hlökkum til að halda þessari vegferð áfram.

1. Inngangur

3

Inngangsorð forstjóra.....

4

Samstarfsaðilar.....

5

Stefna 2027 .....

6

Framtíðarsýn.....

7

Hagsmunaaðilar .....

8

Markmið sem náðust á árinu 2023.....

9

Markmið 2024 .....

10

Efnisyfirlit .....

2



# Samstarfsaðilar

Við hjá Ölgerðinni vinnum með neti af samstarfsaðilum í sjálfbærnivegferð okkar, má þar nefna Festu, UN Global Compact og verkefni eins og Heimsmarkmiðin og Science Based Targets (SBTi). Mikilvægt er að vinna með framsæknum aðilum og vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sér stað á heimsvísu.



## Stoltur aðili Festu

Ölgerðin tók þátt í Loftslagsyfirlýsingum Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015 ásamt yfir 100 öðrum fyrirtækjum. Verkefnið fólst í því að vinna markvisst í loftslagsmálum og hefur kolefnisspor frá eigin rekstri (umfang 1 og 2) minnkað um 58% á þeim tíma. Í september 2023 funduðu Ölgerðin og stjórnendur þeirra fyrirtækja hérlandis sem hafa skulundið sig til að laga kolefnisspor sitt að Parísarsáttmálanum með því að setja sér markmið um samdrátt í losun samkvæmt Science Based Targets initiative (SBTi). Verkefnið hefur burði til að marka tímamót í áhrifamiklum aðgerðum á sviði loftslagsmála í íslensku atvinnulífi. Verkefnið leiðir einstakur hópur sérfræðinga og forstjóra og miðar það að mikilvægi leiðtoga á þessu sviði, markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um árangur og aðgerðir.



## The Global Compact

UN Global Compact (UNGC) er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífs um ábyrga starfs hætti þar sem fyrirtæki og stofnanir eru hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Um 21 þúsund fyrirtæki eru aðilar að UN Global Compact á heimsvísu. Íslensk fyrirtæki, sem eru virkir þátttakendur, eru 28 talsins og er Ölgerðin þar á meðal. Tilgangur staðarnets UN Global Compact á Íslandi er að stuðla að markvissri samvinnu samtakanna við íslenskt atvinnulíf og hraða þannig þróun í sjálfbærni. Með þátttöku í Global Compact skuldbinda fyrirtæki sig til þess að innleiða hin tíu meginmarkmið sáttmálans í starfsemi sína. Þannig eru fyrirtæki ekki aðeins að halda uppi grunnskyldum sínum gagnvart fólki og umhverfi, heldur einnig að skapa verðmæti fyrir atvinnulífið og samfélagið ásamt því að leggja grunn að árangri til lengri tíma.



## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016–2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Við hjá Ölgerðinni höfum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í sjálfbærnistefnunni.



DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION

## Science Based Targets

Science Based Targets (SBTi) er leiðarvísir fyrir fyrirtæki til að ná fram loftslagsmarkmiðum og koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga. SBTi er leiðarvísir fyrirtækja í átt að kolefnishlutleysi (e. Net Zero), á að ýta undir nýsköpun og sjálfbæran vöxt með því að gefa fyrirtækjum verkfæri til að setja metnaðarfull og vísindalega samþykkt sjálfbærnimarkmið. Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miðum að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C til 2030 og ná fram kolefnishlutleysi árið 2040.

1. Inngangur

3

Inngangsorð forstjóra.....

4

Samstarfsaðilar.....

5

Stefna 2027 .....

6

Framtíðarsýn.....

7

Hagsmunaaðilar .....

8

Markmið sem náðust á árinu 2023.....

9

Markmið 2024 .....

10

Efnisyfirlit .....

2



# Stefna 2027

Í framtíðinni felast tækifæri.



<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>
Inngangsorð forstjóra.....	4
Samstarfsaðilar.....	5
Stefna 2027 .....	6
Framtíðarsýn.....	7
Hagsmunaaðilar .....	8
Markmið sem náðust á árinu 2023.....	9
Markmið 2024 .....	10
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>2</b>



## Sókn

- Öflug vöruþróun á nýja markaði
- Fjárfestingar í framleiðslutækjum
- Nýtt vöruhús
- Útflutningur
- Uppkaup og samrunar
- V1



## Starfsfólk

- Fræðsla og þjálfun
- Aukið upplýsingaflæði
- Betri samskipti
- Aukin fjölbreytileiki
- Fagmennska



## Stafræn umbreyting

- Sterkari innviðir
- Aukin fagmennska með Sögu
- Einfaldara aðgengi og fræðsla
- Sjálfvirknivæðing ferla
- Nýting á gögnum



## Sjálfbærni

- Útrýmum sóun
- Nettólosun núll 2040
- Markvissar fjárfestingar sem styðja við sjálfbærnimarkmið
- Umhverfisvænni vörur



# Framtíðarsýn



<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>
Inngangsorð forstjóra.....	4
Samstarfsaðilar.....	5
Stefna 2027 .....	6
Framtíðarsýn.....	7
Hagsmunaaðilar .....	8
Markmið sem náðust á árinu 2023.....	9
Markmið 2024 .....	10
Efnisyfirlit .....	2



# Hagsmunaaðilar



**Framtíðarsýn okkar er að vera fyrsta val.**

<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>
Inngangsorð forstjóra.....	4
Samstarfsaðilar.....	5
Stefna 2027 .....	6
Framtíðarsýn.....	7
Hagsmunaaðilar .....	8
Markmið sem náðust á árinu 2023.....	9
Markmið 2024 .....	10
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>2</b>

## > **Fyrsta val viðskiptavina og neytenda.**

Við setjum viðskiptavini og neytendur í fyrsta sæti og leggjum höfuðáherslu á að þekkja og mæta væntingum þeirra með fagmennsku, vöruþróun og framúrskarandi þjónustu. Við trúum því að þetta sé grundvöllur að samkeppnisforskoti og farsælu viðskiptasambandi til langs tíma.

## > **Fyrsta val starfsfólks.**

Við löðum að hæfasta starfsfólkið og höldum því með jákvæðri og hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og með áherslu á jafna möguleika. Við viljum skapa umhverfi og tækifæri sem gera starfsfólki kleift að vaxa og skara fram úr á sínu sviði. Við hlúum vel að starfsfólki og byggjum upp sterka liðsheild með hugarfar sigurvegara.

## > **Fyrsta val birgja.**

Við sinnum hverjum birgi eins og hann væri okkar mikilvægasti. Við mætum væntingum þeirra með fagmennsku, áreiðanleika og framúrskarandi samskiptum. Sterkt birgjasamband er grundvöllur að því að verða fyrsta val þeirra erlendu aðila sem vilja selja og markaðssetja vörur sínar á Íslandi.

## > **Fyrsta val fjárfesta.**

Við erum framsækið fyrirtæki með metnað til þess að vaxa og ætlum að tryggja okkur forskot á markaði með því að umbylta hvernig við nýtum gögn og upplýsingar. Við höfum skýra framtíðarsýn, leggjum áherslu á sjálfbærni og rekum fyrirtækið með hagkvæmni og ábyrgum stjórnarháttum til þess að skapa aukin verðmæti fyrir alla hagaðila.

## > **Fyrsta val samfélagsins.**

Við tökum alltaf mið af því hvaða áhrif ákvarðanir okkar hafa á samfélagið. Við erum fyrirmynd annarra fyrirtækja þegar kemur að sjálfbærni. Við erum næm á þarfir og áskoranir samfélagsins og leggjum okkar af mörkum til að byggja upp betra samfélag.



# Markmið sem náðust á árinu 2023

Markmið hvers árs eru flæðandi þar sem ný markmið bætast iðulega við yfir árið og ávallt er verið að leita að tækifærum til umbóta. Horft er til langtímamarkmiða og stefnu fyrirtækisins þegar ný skammtímamarkmið eru sett.

<div>✓</div> <div>Starfsánægja yfir 85%</div>	<div>✓</div> <div>Auka úrval hollari valmöguleika innfluttra matvara</div>	<div>✓</div> <div>Auka vöruúrval hollari valkosta í drykkjarvörum</div>	<div>✗</div> <div>Núll-slysastefna</div>	<div>✓</div> <div>Tryggja rafmagn fyrir framtíðarbílaflota fyrirtækisins</div>
<div>✓</div> <div>Sjálfbærnifræðsla fyrir allt starfsfólk</div>	<div>✓</div> <div>Léttari plastflöskur með hærra hlutfall af endurunnu efni</div>	<div>✗</div> <div>Bæta aðgengi að byggingu fyrir allt starfsfólk og alla gesti</div>	<div>✓</div> <div>Samræma flokkunarmerkingar samkvæmt Fenúr</div>	<div>✓</div> <div>Úttekt á stefnu um einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni frá Vinnueftirlitinu</div>
<div>✓</div> <div>Hinsegin vottun – heildstæð fræðsla fyrir starfsfólk</div>	<div>✓</div> <div>Að losunarkræfni tekna dragist saman um 2% milli ára</div>	<div>✓</div> <div>Sjálfbærnidagar haldnir</div> <div>Markmið sem bættist við</div>	<div>✓</div> <div>Söfnun og endurvinnsla kaffihylka</div> <div>Markmið sem bættist við</div>	<div>✓</div> <div>Code of Conducts</div> <div>Markmið sem bættist við</div>

1. Inngangur

3

Inngangsorð forstjóra.....

4

Samstarfsaðilar.....

5

Stefna 2027 .....

6

Framtíðarsýn.....

7

Hagsmunaaðilar .....

8

Markmið sem náðust á árinu 2023.....

9

Markmið 2024 .....

10

Efnisyfirlit .....

2



# Markmið 2024

Markmið hvers árs eru flæðandi þar sem ný markmið bætast iðulega við yfir árið og ávallt er verið að leita að tækifærum.

## Markmið 2030

Starfsánægja yfir 85%	Hringrásarhagkerfisverkefni	Auka úrval hollari valkosta í drykkjavöru	Núll slys	Sólarsellur	SBTi – Losunarkræfni tekna (kolefnisspor/veltu) 63% minna árið 2030 fyrir umfang 1 og 2 miðað við 2020	50% minni sykur á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru árið 2030 miðað við 2020
Sjálfbærnifræðsla fyrir allt starfsfólk	Mikilvægisgreining samkvæmt CSRD tilskipun	Meira endurunnið efni í flöskum	Bæta aðgengi að byggingu fyrir allt starfsfólk og alla gesti	Losunarkræfni tekna dragist saman um 2% milli ára	Hlutfall á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórn fyrir 2027	Allar pakkningar sem við notum fyrir eigin framleiðslu verði úr 60% endurnýttu hráefni árið 2030
Ítarlegt birgjamatsferli	Kolefnisspor í vefverslun	Skógrækt – vottaðar kolefniseiningar	Sjálfbærniuppgjör samkvæmt ESRS	Betri loftgæði með nýrri loftræstingu í framleiðslusölum	99% flokkunarhlutfall árið 2030	100% endurnýjanleg orka í starfsemi árið 2030
					25% minna kolefnisspor framleiðsluvara árið 2030 miðað við 2020	

1. Inngangur

3

Inngangsorð forstjóra.....

4

Samstarfsaðilar.....

5

Stefna 2027 .....

6

Framtíðarsýn.....

7

Hagsmunaaðilar .....

8

Markmið sem náðust á árinu 2023.....

9

Markmið 2024 .....

10

Efnisyfirlit .....

2



## 2. Starfsemi Ölgerðarinnar






## Starfsemi og sjálfbærnistefna


Ölgerðin og dótturfélög framleiða, flytja inn og út, dreifa og selja drykkjarvörur, matvæli og ýmsar sérvörur. Sjálfbærni tengist því inn í rekstur okkar á margvíslegan hátt enda er starfsemin breið og fjölbreytt. Tæplega 50% af framlegð samstæðunnar er vegna sölu á eigin vörumerkjum Ölgerðarinnar. Þar er hægt að hafa áhrif á alla virðiskeðjuna, frá vöruþróun, vali á umbúðum, endurvinnslu o.fl. Um það bil 16% af framlegðinni er framleiðsla og sala á vörum á grundvelli sérleyfissamninga þar sem framleiðsla Ölgerðarinnar er hluti af sjálfbærnimarkmiðum stórra birgja. Þar skiptir framleiðsla nálægt samfélaginu og umhverfisvænt dreifikerfi máli. Um 34% af framlegðinni eru innfluttar vörur en þar skipta m.a.

### Skipting framlegðar 2015 og 2023

#### 2015



#### 2023



góð samvinna við birgja og birgjamat máli. Þar er hægt að hafa áhrif á þær vörur sem settar eru á markað, enda hefur verið aukning í heilsusamlegri og umhverfisvænni vörum í vöruúrvali.

Sjálfbærnistefna Ölgerðarinnar var sett árið 2021 og er endurskoðuð árlega. Stjórnendur Ölgerðarinnar unnu að stefnunni og voru vinnustofur haldnar til að greina þá áhersluflokka sem taldir voru mikilvægastir. Til hliðsjónar við gerð stefnunnar voru þau heimsmarkmið valin sem talið var að Ölgerðin gæti haft mest áhrif á. Fjórir flokkar urðu að lokum fyrir valinu sem ríma við framtíðarsýn fyrirtækisins um fyrsta val og stefnu Ölgerðarinnar til 2027.

Samhliða sjálfbærnistefnunni voru sett mælanleg markmið og er þeim fylgt eftir með sjálfbærnimælaborði fyrir stjórnendur og starfsfólk. Mælikvarðarnir í mælaborðinu voru settir upp út frá sjálfbærnistefnunni og eru gerðir upp mánaðarlega. Í hverjum flokki fyrir sig er unnið að umbótaverkefnum og stærri verkefnum og árangur er mældur reglulega. Þessir fjórir áhersluflokkar eru gerðir upp hver í sínu lagi í skýrslunni enda vinnum við eftir stefnunni með þeim hætti í fyrirtækinu. Hægt er að finna sjálfbærnistefnuna í heild sinni hér.

#### Flokkarnir í sjálfbærnistefnu Ölgerðarinnar eru:

-  **Sjálfbær vöxtur**
-  **Fjölbreytileiki**
-  **Hringrásarhagkerfi**
-  **Kolefnishlutleysi**

<b>2. Starfsemi</b>	
Ölgerðarinnar	11
Starfsemi og sjálfbærnistefna	12
Stöðugar umbætur grunnur að menningu	13
Sjálfbærnivegferð	14
Efnisyfirlit	2




## Stöðugar umbætur grunnur að menningu

Það má með sanni segja að umbótahugsun sé rótgróin í menningu Ölgerðarinnar en allt starfsfólk fyrirtækisins vinnur stöðugt að umbótum og eru þær grunnurinn að því sem við gerum. Við erum stöðugt að finna leiðir til að gera hlutina betur í dag en í gær en hver umbót minnkar soun í fyrirtækinu og er því beintengd við sjálfbærni. Allt starfsfólk fyrirtækisins hefur tækifæri til að leggja fram hugmyndir að umbótum og er tekið vel á móti öllum hugmyndum. Ópið mælaborð er á innri vef fyrirtækisins þar allar umbætur sem

við höfum lokið við eru gerðar sýnilegar. Innan fyrirtækisins eru nokkrir umbótahópar sem taka á móti hugmyndunum að umbótum eftir sviðum og vinna úr þeim. Mánaðarlega eru umbætur, sem lokið hefur verið við, gerðar upp. Þær sem þóttu athyglisverðastar í hverjum mánuði fyrir sig eru kynntar á opnum umbótafundi fyrir starfsfólk. Verðlaun eru veitt fyrir „umbót mánaðarins“. Fjöldi lokinna umbóta á árinu er gerður sýnilegur í anddyri fyrirtækisins. Fyrir hverja lokna umbót fór einn tappi í súlu. Í fyrra voru 675 loknar umbætur í fyrirtæk-

inu sem var það mesta sem hefur náðst frá því byrjað var að skrá loknar umbætur. Hægt er að fylgjast með flokkun á tegund umbóta og getum við því sérstaklega fylgst með umbótum sem tengjast ákveðnum áherslum, líkt og sjálfbærni eða fjölbreytileika. Þetta er mikilvægt til að hafa yfirsýn yfir þær tegundir umbóta sem koma frá starfsfólki og koma auga á hvar gæti vantað hvatningu til umbótaverkefna.

Fjöldi lokinna umbótaverkefna milli ára



2. Starfsemi

Ölgerðarinnar

11

Starfsemi og sjálfbærnistefna

12

Stöðugar umbætur grunnur að menningu

13

Sjálfbærnivegferð

14

Efnisyfirlit

2




## Sjálfbærnivegferð

Frá árinu 2013 hefur markvisst verið unnið að sjálfbærni hjá Ölgerðinni. Á hverju ári upp frá því hefur Ölgerðin staðið framarlega á því sviði miðað við þá þekkingu sem var til staðar. Sem dæmi má nefna fyrsta rafbílinn sem Ölgerðin tók í notkun árið 2014. Hann drífur ekki nema um 70 km í dag en markaði byrjunina á orkuskiptum Ölgerðarinnar og notkun grænnar orku í starfseminni. Einnig má nefna styrk

til Kolviðar og Endurheimtar votlendis árið 2018 sem talið var að gæti kolefnisjafnað reksturinn á þeim tíma. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Bæði þarf vottaðar kolefniseiningar, sem er langtíma verkefni, og ekki er nóg að horfa til kolefnislosunar frá rekstri heldur þarf að taka inn losun frá allri virðiskeðjunni. Ölgerðin var meðal fyrstu fyrirtækja á Íslandi til að setja sér SBTi markmið. Þar með varð ljóst

að verkefnið var stærra en áður var talið, enda er aðeins um 5–10% losunar frá eigin rekstri. Árið 2022 fékk Ölgerðin Leed Gold umhverfissvottun, m.a. vegna þess að það er eitt af sjálfbærnirömmum bankanna til að sækja grænt fjármagn. Við höfum lagt áherslu á að vinna í öllum UFS þáttum og á síðasta ári urðum við fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta vottun Samtakanna '78 sem hinseginvænn vinnustaður.



<b>2. Starfsemi</b>	
<b>Ölgerðarinnar</b>	<b>11</b>
Starfsemi og sjálfbærnistefna .....	12
Stöðugar umbætur grunnur að menningu.....	13
Sjálfbærnivegferð .....	14
Efnisyfirlit .....	2



### 3. Sjálfbær vöxtur



# Sjálfbær vöxtur

Ölgerðin ætlar sér að stækka með hagkvæmum hætti og styðja þannig við hagvöxt og atvinnu. Því verður meðal annars náð fram með aukinni framleiðni, stafrænni þróun og lágmörkun á umhverfisáhrifum. Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni

verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Ölgerðin velur sér samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og fyrir- tækið þegar kemur að sjálfbærni.



## Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni

Okkur hefur tekist að lækka losunarkræfni með fjárfestingarákvörðunum. Losunar- kræfni tekna fer úr 416 kg CO<sub>2</sub> í/milljón árið 2022 niður í 388 kg CO<sub>2</sub> í/milljón árið 2023 eins og sést í töflu hér að neðan. Til að mynda hefur ný átöppunarlína fyrir dósir skilað betri orkunýtingu en áður. Dæmi um aðrar fjárfestingar er rafmagnsketill sem kom í stað olíuketils í framleiðslu og er nú framleiðslan eingöngu keyrð á endurnýjan- legri orku. Á árinu tók Ölgerðin einnig á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi.



## Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar

Markvisst var unnið að því að auka framboð á hollari valkostum. Við höfum áhrif með því vöruúrvali sem við setjum á markað hverju sinni og með endurbótum á núverandi vöru- úrvali. Það er hluti af okkar sjálfbærniveg- ferð að bjóða íslenskum neytendum upp á hollari valkosti, svo sem vörur með minni eða engan sykur og áfengislausu bjóra. Á síðustu sjö árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 55% en markmið félagsins er að minnka sykur á hvern seldan lítra árið 2030 miðað við árið 2020 um 50% og hefur það því náðst eins og sést í töflu hér að neðan.



## Starfs- og siðareglur

Nýjar starfs- og siðareglur voru gefnar út sem leiðarljós í því hvernig við tökum ákvarðanir sem styðja við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins. Þær taka til alþjóðlegra viðmiða og geta viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vitað við hverju má búast af okkur og eru þær skuldbinding til okkar starfsfólks, viðskiptavina og annarra hag- aðila. Þær ná til alls starfsfólks og birgja og leiðbeina okkur í daglegum verkefnum.



## Vöruþróun með íslenskum hráefnum

Með því að nýta íslensk hráefni er hægt að minnka kolefnisspor í þeim vörum sem Ölgerðin býður upp á. Stærsti ávinningur- inn felst í því að framleiða drykkjarvörur hérna heima og nota þannig íslenska vatnið. Ölgerðin hefur látið gera vistferilsgreiningu á áhrifunum og getur verið allt að 600% munur á kolefnislosun vegna flutninga. Ölgerðin er einnig einn stærsti einstaki not- andi íslensks byggs til bjórgerðar en það er meðal annars notað við framleiðslu Bola Í COLLAB er notað kollagen sem er unnið af Feel Iceland úr sjávarafurðum sem falla til. Nýjasta viðbótin er COLLAB Hydro en það inniheldur við íslenskt sjávarsalt frá Saltverk.

3. Sjálfbær vöxtur15

Sjálfbær vöxtur.....16

Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....17

Starfs- og siðareglur .....18

Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....19

Áfengislaust gin.....20

Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..21

Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....22

Íslenskt bygg til bjórgerðar.....22

Tannvænir drykkir .....23

Sætuefni .....23

Leed Gold umhverfisvottun .....24

Sjálfbærnimælaborð.....25

Samstarfsaðilar og birgjamat .....26

Hvað eru vegan snyrtivörur?.....27

Umhverfisvænni umbúðir .....27

Styrkir .....28


Efnisyfirlit .....2



## Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni

Okkur hefur tekist að lækka losunarkræfni með fjárfestingarákvörðunum. Losunarkræfni tekna fer úr 416 kgCO<sub>2</sub>/milljón árið 2022 niður í 388 kgCO<sub>2</sub>/milljón árið 2023 eins og sést í töflu hér að neðan. Til að mynda hefur ný átöppunarlína fyrir dósir skilað betri orkunýtingu en áður. Dæmi um aðrar fjárfestingar er rafmagnsketill sem kom í stað olíuketils í framleiðslu og er nú framleiðslan eingöngu keyrð á endurnýjanlegri orku. Á árinu tók Ölgerðin einnig á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi.

Losunarkræfni tekna



**3. Sjálfbær vöxtur 15**

- Sjálfbær vöxtur ..... 16
- Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni ..... 17
- Starfs- og siðareglur ..... 18
- Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar ..... 19
- Áfengislaust gin ..... 20
- Vöruþróun með íslenskum hráefnum .. 21
- Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur ..... 22
- Íslenskt bygg til bjórgerðar ..... 22
- Tannvænir drykkir ..... 23
- Sætuefni ..... 23
- Leed Gold umhverfissvottun ..... 24
- Sjálfbærnimælaborð ..... 25
- Samstarfsaðilar og birgjamat ..... 26
- Hvað eru vegan snyrtivörur? ..... 27
- Umhverfissvænni umbúðir ..... 27
- Styrkir ..... 28
- Efnisyfirlit ..... 2



Starfs- og siðareglur

Nýjar starfs- og siðareglur voru gefnar út á árinu sem leiðarljós í því hvernig við tökum ákvarðanir sem styðja við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins. Þær taka til alþjóðlegra viðmiða og geta viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vitað við hverju má búast af okkur og eru þær skuldbinding til okkar starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagaðila. Þær ná til alls starfsfólks og birgja og leiðbeina okkur í daglegum verkefnum. Starfs- og siðareglur fyrirtækisins eru að finna á vefsíðu Ölgerðarinnar.

3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur.....16

Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....17

Starfs- og siðareglur..... 18

Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar..... 19

Áfengislaust gin..... 20

Vöruþróun með íslenskum hráefnum .. 21

Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur..... 22

Íslenskt bygg til bjórgerðar..... 22

Tannvænir drykkir..... 23

Sætuefni..... 23

Leed Gold umhverfisvottun ..... 24

Sjálfbærnimælaborð..... 25

Samstarfsaðilar og birgjamat ..... 26

Hvað eru vegan snyrtivörur?..... 27

Umhverfisvænni umbúðir..... 27

Styrkir ..... 28

Efnisyfirlit ..... 2





## Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar

Markvisst var unnið að því að auka framboð á hollari valkostum. Við höfum áhrif með því vöruúrvali sem við setjum á markað hverju sinni og með endurbótum á núverandi vöruúrvali. Það er hluti af okkar sjálfbærnivegferð að bjóða íslenskum neytendum upp á hollari valkosti, svo sem vörur með minni eða engum sykri og áfengislausar bjórar.

Sykurmagn í seldum lítra af drykkjum Ölgerðarinnar heldur áfram að minnka. Bæði hefur magn sykurs í sykrudum drykkjum minnkað, neytendur velja í auknum mæli sykurlausa eða sykurminni valkosti og vöruúrval Ölgerðarinnar af hollari valkostum hefur aukist. Á síðustu sjö árum hefur sykurmagn á hvern seldan lítra minnkað um 55% en markmið félagsins er að minnka sykur á hvern seldan lítra árið 2030 miðað við árið 2020 um 50% og hefur það því náðst eins og sést í töflu hér að neðan.

Ölgerðin framleiðir úrval af hágæða bjór, bæði með áfengi og án áfengis. Áfengir drykkir geta haft skaðleg áhrif sé þeirra ekki neytt í hófi. Samfélagið okkar er í stöðugri þróun og vaxandi fjöldi neytenda kys að draga úr eða sleppa öllu áfengi.


Við höfum lagt áherslu á að auka úrval áfengislausra bjórtegunda svo neytendur geti valið þann drykk sem hentar hverju tilefni fyrir sig. Áfengislaus bjór getur verið dæmi um mjög heilsusamlegan kost þar sem hann inniheldur vatn, humla og korn frá náttúrunni. Náttúruleg vítamín og steinefni auka enn á hollustu hans. Á árinu voru hágæða áfengislausar bjórtegundir settar á markað til að svara þeim áhuga sem neytendur hafa sýnt og mikil vinna var lögð í að gera þá jafn bragðgóða og bjóra með áfengi.




### 3. Sjálfbær vöxtur 15

- Sjálfbær vöxtur.....16
- Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....17
- Starfs- og siðareglur.....18
- Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....19
- Áfengislaust gin.....20
- Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..21
- Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....22
- Íslenskt bygg til bjórgerðar.....22
- Tannvænir drykkir.....23
- Sætuefni.....23
- Leed Gold umhverfsvottun.....24
- Sjálfbærnimælaborð.....25
- Samstarfsaðilar og birgjamat.....26
- Hvað eru vegan snyrtivörur?.....27
- Umhverfissvænni umbúðir.....27
- Styrkir.....28


Sykurmagn (g pr. lítra)



Hlutf. stakra skammta í kolsýrðum drykkjum hjá Ölgerðinni



Heildarmarkaður áfengislausra bjóra (Nielsen) að verðmæti (m. kr.)





## Áfengislaust gin

Með Tanqueray 0,0% er loks hægt að njóta áfengislauss G&T auk fjölda 0,0% kokteila svo sem Gimlet, Negroni eða Tom Collins. Fjögur innihaldsefni gefa Tanqueray gini fullkomið jafnvægi sítrus og einiberja sem hægt er að njóta án áfengis.

Giffard Grapefruit Alcohol Free er sérhannað fyrir óáfenga kokteila. Það er gert úr berki greipaldins sem legið hefur í bleyti í hvítvínsheddu. Það hlýtur gullverðlaun árið 2024 í flokki Low/no alcohol hjá The Spirits Business.

Giffard Grapefruit Alcohol Free er bragðmikið og hefur minna sykurmagn til að undirstrika arómatíska eiginleika. Edikáhrif gefa kokteilum meiri dýpt, margbreytileika og lengd í munni. Giffard Alcohol Free gefur kost á að gera kokteila eins og Paloma, Daiquiri og auðvitað Spritz í áfengislausri útgáfu.

### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur.....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....	17
Starfs- og siðareglur.....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....	19
Áfengislaust gin.....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar.....	22
Tannvænir drykkir.....	23
Sætuefni.....	23
Leed Gold umhverfissvottun.....	24
Sjálfbærnimælaborð.....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat.....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur?.....	27
Umhverfisvænni umbúðir.....	27
Styrkir.....	28

Efnisyfirlit.....	2
-------------------	---





## Vöruþróun með íslenskum hráefnum

Með því að nýta íslensk hráefni er hægt að minnka kolefnis-  
spor í þeim vörum sem Ölgerðin býður upp á. Stærsti ávinn-  
ingurinn felst í því að framleiða drykkjarvörur hérna heima  
og nota þannig íslenska vatnið. Ölgerðin hefur látið gera  
vistferilsgreiningu á áhrifunum og getur verið allt að 600%  
munur á kolefnilosun vegna flutninga, samanborið við inn-  
flutta drykki, enda er þyngsti hluti drykkjavara vatn.

Við erum stöðugt að gera tilraunir  
og reynum að nýta þau íslensku  
hráefni sem standa til boða í vöru-  
þróun. Ölgerðin er einn stærsti  
einstaki notandi íslensks byggs til  
bjórgerðar en við framleiðslu, meðal  
annars Bola er notað íslenskt bygg.  
Í íslenska ölinu Snorra er notað inn-  
lent bygg og lífrænt íslenskt blóð-  
berg. Í COLLAB er notað kollagen  
sem er unnið er af Feel Iceland úr  
sjávarafurðum sem falla til. Nýjasta  
viðbótin er COLLAB Hydro en það  
inniheldur íslenskt sjávarsalt frá  
Saltverki.

Our pure marine collagen comes  
from wild caught fish that have been  
ethically sourced from the Atlantic  
ocean by our collagen suppliers,  
FEEL Iceland. Normally fish skins are  
disposed of as a waste product from  
fishing, but we repurpose them by  
extracting our pure marine collagen.  
That way we not only get our collagen  
from fresh, wild caught sources – we  
also help reduce the waste from the  
seafood industry.

We only collaborate with vetted fishing  
companies that operate in sustainable  
fishing grounds and live up to the hig-  
hest standards of ethics and quality.

Source: FEEL Iceland

### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur .....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni .....	17
Starfs- og siðareglur .....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar .....	19
Áfengislaust gin .....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur .....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar .....	22
Tannvænir drykkir .....	23
Sætuefni .....	23
Leed Gold umhverfsvottun .....	24
Sjálfbærnimælaborð .....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat .....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur? .....	27
Umhverfisvænni umbúðir .....	27
Styrkir .....	28

Efnisyfirlit .....	2
--------------------	---





## Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur

Neytendur gera í síauknum mæli kröfur um að fá að vita um uppruna framleiðsluvara og aukna upplýsingagjöf um umhverfisleg áhrif þeirra. Þess vegna fól Ölgerðin EFLU verkfræðistofu að gera vistferilsgreiningu á hinum ýmsu umbúðum og mismunandi áhrifum þess að framleiða hér á landi eða flytja inn fullunnar drykkjarvörur og hvaða áhrif það hefði á umhverfið. Þar kemur skýrt fram gríðarlegur umhverfislegur ávinningur þess að framleiða drykkjarvörur hér heima samanborið við það að flytja inn framleiðsluvöru en munurinn á kolefnislosun vegna flutninga er allt að 600%. [Skýrslu EFLU verkfræðistofu má finna í heild sinni á vefnum.](#)

## Íslenskt bygg til bjórgerðar

Ölgerðin er stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar. Við framleiðslu, meðal annars á Bola, notum við íslenskt bygg. Þrátt fyrir að vera stærsti einstaki notandi á Íslandi er þetta lítil hluti af heildarbyggmagni sem fyrirtækið notar. Ölgerðin hefur verið að skoða ásamt landbúnaðarháskólanum möguleika á frekari framleiðslu og möltun á byggi hérlandis. Mörg atriði þurfa að koma til t.d. réttur byggstofn til ræktunar hérlandis og fjármagn til uppsetningar á möltunarstöð. Þetta er langtíma nýsköpunarverkefni en það að nota íslenskt hráefni gæti minnkað kolefnisspor við bjórgerð mikið.

### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur .....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni .....	17
Starfs- og siðareglur .....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar .....	19
Áfengislaust gin .....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur .....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar .....	22
Tannvænir drykkir .....	23
Sætuefni .....	23
Leed Gold umhverfisvottun .....	24
Sjálfbærnimælaborð .....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat .....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur? .....	27
Umhverfisvænni umbúðir .....	27
Styrkir .....	28

Efnisyfirlit .....	2
--------------------	---



## Tannvænir drykkir

Ölgerðin býður upp á fjölda kolsýrðra drykkja sem eru ekki skaðlegir tannheilsu neytenda. Allar bragðtegundir Kristals eru tærar og hafa ekki glerungseyðandi áhrif. Einnig bjóðum við upp á tannvænan valkost á orkudrykkjamarkaði.

105 koffínvatn er tær og einfaldur drykkur sem inniheldur einungis kolsýrt vatn, náttúruleg bragðefni og náttúrulegt koffín. Drykkurinn er því alveg laus við sykur, sætuefni, kolvetni og hitaëiningar.

## Sætuefni

Sætuefni eru notuð í hluta drykkja Ölgerðarinnar. Nokkur mismunandi sætuefni eru til og þau sem Ölgerðin notar eru öll viðurkennd og hafa verið rannsökuð yfir langan tíma. Stöðugt er verið að vakta rannsóknir á sætuefnum en innihaldsefnin eru samþykkt af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Við notum eingöngu samþykkt efni í okkar matvæli.

Drykkir með sætuefnum valda ekki sama blóðsykurs-ójafnvægi og drykkir með sykri. Súkralósi, Acesulfame Porassium og Aspartame eru dæmi um sætuefni sem notuð eru hjá Ölgerðinni og má lesa meira um þau á [vefsíðu PepsiCo](#).

3. Sjálfbær vöxtur

15

Sjálfbær vöxtur.....

16

Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....

17

Starfs- og siðareglur .....

18

Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....

19

Áfengislaust gin .....

20

Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..

21

Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....

22

Íslenskt bygg til bjórgerðar.....

22

Tannvænir drykkir .....

23

Sætuefni .....

23

Leed Gold umhverfissvottun .....

24

Sjálfbærnimælaborð.....

25

Samstarfsaðilar og birgjamat .....

26

Hvað eru vegan snyrtivörur?.....

27

Umhverfisvænni umbúðir .....

27

Styrkir .....

28

Efnisyfirlit .....

2



kraftinum

ákaf

vil

hug

ka

ást

fr

ti



## Leed Gold umhverfisvottun

Ölgerðin hefur fengið staðfesta Leed Gold (e. Operations & Maintenance) umhverfisvottun fyrir viðhald og rekstur atvinnuhúsnæðis en þá vottun fá aðeins þau fyrirtæki sem nýta bestu þekktu aðferðir og eru með virkt umbótastarf á þessu sviði.

Þegar hafist var handa við uppsetningu nýrrar framleiðslulínu og nýbyggingu Ölgerðarinnar var ákveðið að gera það með eins umhverfisvænum hætti og unnt væri, t.d. var límtré notað í stað hefðbundinnar steypu. Notast var við umhverfisvænar aðferðir og farið eftir leiðbeiningum um sjálfbærni við framkvæmdina og hafa þurfti fjölmarga þætti í huga til að fasteignin gæti hlotið umhverfisvottun. Unnið var í að fá vottun fyrir allar fasteignir Ölgerðarinnar, eða 23 þúsund fermetra, til að gera rekstur og viðhald þeirra eins umhverfisvæn og hægt væri. Grænustu byggingarnar eru þær sem hafa nú þegar verið byggðar ef við höldum þeim við og rekum þær með sjálfbærum hætti.

Leed er vottunarkerfi sem tekur á fjölmörgum þáttum er varða umhverfi og sjálfbærni og ýtir þannig undir að viðhald og rekstur verði umhverfisvænni og hagkvæmari. Vottunarkerfinu fylgja ráðleggingar um hvernig hægt er að minnka notkun orku, vatns og annarra náttúruauðlinda og draga úr sóun.

Ávinningur slíkrar vottunar er að hún hjálpar þeim sem sjá um rekstur og viðhald fasteigna og starfsfólki fyrirtækja að bæta afköst, draga úr kostnaði og sóun í ferlum. Þetta gefur einnig fyrirtækjum ákveðna viðurkenningu á forystu í sjálfbærni.



### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur.....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....	17
Starfs- og siðareglur.....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....	19
Áfengislaust gin.....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar.....	22
Tannvænir drykkir.....	23
Sætuefni.....	23
Leed Gold umhverfisvottun .....	24
Sjálfbærnimælaborð.....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat.....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur?.....	27
Umhverfisvænni umbúðir.....	27
Styrkir.....	28

Efnisyfirlit.....	2
-------------------	---






# Sjálfbærnimælaborð

Stjórnendur fyrirtækisins nýta sér sjálfbærnimælaborð til að fylgjast með kolefnisspori fyrirtækisins. Sjálfbærnimælaborðið sýnir lifandi upplýsingar um stöðu sjálfbærniuppgjörs félagsins. Stjórnendur fara mánaðarlega yfir sjálfbærniupplýsingar líkt og yfir fjárhagsupplýsingar félagsins. Við trúum því að með þessum hætti getum við tekið ákvarðanir sem leiða til lægra kolefnisspors. Mælaborðið sýnir ekki eingöngu gögn um losun heldur er einnig hægt að draga fram fleiri mælikvarða og þannig geta stjórnendur séð nálina hreyfast í ákveðnum flokkum, td. kynjahlutföll í ráðningum, flokkun úrgangs o.fl.

### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur.....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....	17
Starfs- og siðareglur .....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....	19
Áfengislaust gin .....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....	22
Íslenskt byggt til bjórgerðar .....	22
Tannvænar drykkir .....	23
Sætuæfni .....	23
Leed Gold umhverfsvottun .....	24
Sjálfbærnimælaborð.....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat .....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur?.....	27
Umhverfisvænni umbúðir .....	27
Styrkir .....	28

**Efnisyfirlit ..... 2**





## Samstarfsaðilar og birgjamat

Við hjá Ölgerðinni veljum okkur samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og okkar fyrirtæki þegar kemur að sjálfbærniþáttum. Á árinu voru siðareglur uppfærðar og nýjar [Starfs- og siðareglur](#) gefnar út, en þær eru að finna á vef Ölgerðarinnar.

Við vinnum með þeim hætti sem lýst er í siðareglum og við viljum vinna með birgjum sem hafa sömu viðmið. Allir birgjar og aðrir sem koma að því að vinna verk í virðiskeðjunni, hvort sem um ræðir birgja, verktaka, ráðgjafa eða aðra, verða einnig að fylgja siðareglum. Allir birgjar þurfa að skrifa undir siðareglur félagsins (e. code of conducts). Aðilar hjá Ölgerðinni sem bera ábyrgð á birgjasambandi verða að ganga úr skugga um að birginn vinni í takt við okkar mannréttindastefnu.

Birgjamat er eitt af helstu vopnum Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og til að hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni. Ölgerðin hefur verið með virkt birgjamat síðustu árin fyrir hráefna- og umbúðabirgja í innkaupum félagsins. Staðlaður spurningalisti hefur verið sendur til birgja og framkvæmdastjóri deildarinnar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta hvort birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði og sjálfbærni. Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til að ýta undir vitundarvakningu um sjálfbærni hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.

Nýtt ferli í kringum birgjamat sem er mun víðtækara en áður hefur verið teiknað upp og hefst innleiðing á því á þessu ári. Þar verða allir birgjar áhættumetnir og sérstaklega verður skoðuð landfræðileg áhætta og áhætta sem tengist mismunandi iðnaði.



3. Sjálfbær vöxtur

15

Sjálfbær vöxtur.....

16

Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....

17

Starfs- og siðareglur .....

18

Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....

19

Áfengislaust gin.....

20

Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..

21

Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....

22

Íslenskt bygg til bjórgerðar.....

22

Tannvænir drykkir .....

23

Sætuefni .....

23

Leed Gold umhverfisvottun .....

24

Sjálfbærnimælaborð.....

25

Samstarfsaðilar og birgjamat .....

26

Hvað eru vegan snyrtivörur?.....

27

Umhverfisvænni umbúðir .....

27

Styrkir .....

28

Efnisyfirlit .....

2



## Hvað eru vegan snyrtivörur?

Vegan snyrtivörur eru einfaldlega vörur sem innihalda engin innihaldsefni sem eru unnin úr dýraafurðum. Innihaldsefnin geta t.d. verið gelatín, cholesterolin eða kollagen, en einnig á þetta við um innihaldsefni eins og hunang, býflugnavax og mjólk. Margir telja líka mikilvægt að vörurnar innihaldi ekki innihaldsefni sem hafa verið prófuð á dýrum.

Við erum innflutningsaðili af stórum snyrtivörumerkjum og t.d. hefur L'Oréal stöðvað allar dýraprófanir frá árinu 1989 og Essie prófar vörurnar sínar ekki á dýrum. Evrópusambandið hefur bannað sölu á snyrtivörumerkjum sem stunda dýraprófanir eða kaupa innihaldsefni frá þriðja aðila sem eru prófuð á dýrum. Það er stefna L'Oréal að fjölga hlutfalli vegan formúla. Framtíðarsýn fyrirtækisins eru hreinar hágæðavörur, minnkað kolefnisspor og umhverfisvænni lausnir bæði í formúlum og pakkingum.

Allar vegan vörur eru sérstaklega merktar í vefverslun Danól.

## Umhverfisvænni umbúðir

Á snyrtivöruverkaði er þróun í kauphegðun neytenda skýr. Neytendur vilja hreina fegurð og huga að áhrifum á umhverfið. Neytendur kjósa grænar formúlur og þau fyrirtæki sem hafa umhverfisvænar framleiðsluaðferðir.



### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur .....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni .....	17
Starfs- og siðareglur .....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar .....	19
Áfengislaust gin .....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur .....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar .....	22
Tannvænir drykkir .....	23
Sætuefni .....	23
Leed Gold umhverfsvottun .....	24
Sjálfbærnimælaborð .....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat .....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur? .....	27
Umhverfisvænni umbúðir .....	27
Styrkir .....	28

### Efnisyfirlit ..... 2



## Styrkir

Ölgerðin nýtir styrki til að hvetja börn til hreyfingar og í önnur heilsubætandi verkefni. Einnig gefum við vörur sem eru að nálgast síðasta sölundag og reynum að koma þeim í góðar hendur í stað þess að þess að farga þeim. Mæðrastyrksnefnd, Samhjálp, Hjálpræðisherinn og fleiri smærri hjálpar-samtök, eins og Frú Ragnheiður, hafa verið þakklát fyrir þessar vörur.

- Styrkur með drykkjum jólaúthlutanir til Mæðrastyrksnefndar, Fjölskylduhjálpar, Samhjálp, Grafarvogskirkju og Akureyri.
- Styrkur með drykkjum með jólamat á móttökugeðdeild fíknimeðferðar og alþjóðlega safnaðarins í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu fyrir flóttafólk.
- Styrkur til björgunarsveitarinnar, sérstaklega í tengslum við Grindavík og Suðurnesin með drykkjum þegar rýming var vegna eldgoss.

Ölgerðin er með samninga við ÍBR (Íþróttabandalag Reykjavíkur) í tengslum við RIG (Reykjavík International Games), Laugavegshlaupið, skemmtiskokk í Reykjavíkurmaraþoninu og miðnæturlaupið.

- Ungmenna- og skólabúðir á Laugarvatni og Reykjum. Tæplega 6.000 nemendur á aldrinum 13–15 ára koma í búðirnar á hverju ári.
- Fjóra viðburði í íþróttaveislu UMFÍ (mismunandi viðburði, víða um land). Þátttakendafjöldi er breytilegur eftir staðsetningu.
- Skólablak. 15–20 mismunandi staðir um allt land með 50–500 þátttakendum. Verkefnið er í samstarfi við Blaksamband Íslands.

Ölgerðin styrkir einnig SÁÁ á hverju ári.

### 3. Sjálfbær vöxtur 15

Sjálfbær vöxtur.....	16
Fjárfestingarákvarðanir minnka losunarkræfni.....	17
Starfs- og siðareglur.....	18
Aukning á vöruúrvali hollari valkosta og áfengislausir bjórar.....	19
Áfengislaust gin.....	20
Vöruþróun með íslenskum hráefnum ..	21
Íslensk framleiðsla er umhverfisvænni kostur.....	22
Íslenskt bygg til bjórgerðar.....	22
Tannvænir drykkir.....	23
Sætuefni.....	23
Leed Gold umhverfisvottun.....	24
Sjálfbærnimælaborð.....	25
Samstarfsaðilar og birgjamat.....	26
Hvað eru vegan snyrtivörur?.....	27
Umhverfisvænni umbúðir.....	27
Styrkir.....	28

Efnisyfirlit.....	2
-------------------	---



## 4. Fjölbreytileiki





4. Fjölbreytileiki

29

Fjölbreytileiki.....

30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....

31

Kynjahlutföll.....

32

Jafnvægisvogin.....

33

Hinsegin vottun Samtakanna '78.....

34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....

34

Kynhlutlaus salerni.....

34

Aðgengi fyrir öll.....

35

Íslenskukennsla fyrir öll.....

35

Starfsþróun og menntunarstig.....

35

Núll-slysastefna.....

36

Heilsueflandi vinnustaður.....

37

Fræðsla og þjálfun.....

38

Starfaskipti.....

38

Efnisyfirlit.....

2

## Fjölbreytileiki

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Við hjá Ölgerðinni viljum laða að okkur hæfasta starfsfólkið og halda því í starfi með hvetjandi fyrirtækja-



### Jákvæð karlmennska og samstarf við Samtökin '78

Ölgerðin hóf samstarf við Þorstein V. Einarsson hjá Karlmenskunni á árinu. Allt starfsfólk fékk fræðslu um jákvæða karlmennsku sem grundvallast á virðingu, mennsku og jafnrétti. Samstarfið var liður í því að fræða starfsfólk um fjölbreytileikann og stuðla að jafnrétti milli kynja með því að uppræta hefðbundnar karlmenskuhugmyndir og storka staðalímyndum. Öll megum við sýna samkennd með samstarfsfólki okkar, enda erum við öll mennsk.

menningu án fordóma og áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn, á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og laga



### Inngildandi vinnustaður

Nú er öll salerni í Ölgerðinni kynhlutlaus. Það tryggir að öll upplifi sig velkomin óháð kyni eða kyn-gervi, en liður í markmiðum okkar um fjölbreytileika er að stuðla að inngildandi vinnustað fyrir öll. Á árinu var búningsaðstöðu fyrir konur komið fyrir á stað þar sem áður voru aðeins karlaklefar. Hjá Ölgerðinni er einnig kynhlutlaus búningsaðstaða.

þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika og sköpum þannig eftirsóknarverðari vinnustað.



### Úttekt á aðgengi

Á árinu var gerð úttekt á aðgengi fyrir hreyfihamlaða að húsnæði Ölgerðarinnar enda er mikilvægt að huga að öllum hópum og vita hver staðan er áður en hægt er að bæta úr málum. Niðurstaða úttektarinnar, sem unnin var í samstarfi við Sjálfsbjörgu, leiddi í ljós að gera þarf breytingar á húsnæðinu og er því unnið að úrbótum.



### Jafnvægisvogin

Við hjá Ölgerðinni skrifuðum undir Jafnvægisvogina á árinu og tókum þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Við skuldbindum okkur einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010.



### Markmið um nýráðningar

Við hjá Ölgerðinni höfum nú þegar sett okkur markmið fyrir árið 2030 um að aldrei sé hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum. Til að fylgja því markmiði eftir er mælaborð með nýráðningum í fyrirtækinu þar sem sérstaklega er fylgst með hlutfalli eftir kyni. Til að reyna að fjölga umsóknnum frá konum hefur markvisst verið unnið að því á árinu að orða auglýsingar betur og bæta myndefni fyrirtækisins.



## Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Við hjá Ölgerðinni viljum laða að okkur hæfasta starfsfólkið og halda því í starfi með hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn, á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og laga þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika og sköpum þannig eftirsóknarverðari vinnustað.

Við hjá Ölgerðinni höfum sett okkur stefnu um fjölbreytileika og jafnrétti. Við skuldbindum okkur til að vinna stöðugt að umbótum í jafnréttismálum og fjölbreytileika hjá fyrirtækinu. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna og koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Markmið okkar er að Ölgerðin sé eftirsóknarverður vinnustaður í huga fólks. Við höfum það að markmiði að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd hvað fjölbreytileika varðar.

### 3.gr. Stefnumið


Við hjá Ölgerðinni leggjum metnað okkar í að gæta jafnréttis milli starfsfólks með því að vinna markvisst í því að:

1. Konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt fólk, óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.
2. Öll störf skulu standa fólki af öllum kynjum opin.
3. Jafna hlutfall kynja og auka fjölbreytni innan fyrirtækisins, einstakra hópa og deilda.


4. Vinna markvisst gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
5. Efla fræðslu og vitund alls starfsfólks um kynjajafnrétti og áskoranir minnihlutahópa.
6. Allt starfsfólk njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
7. Auka sveigjanleika og jafnvægi á milli starfsábyrgðar og einkalífs.
8. Efla jafnréttismenningu innan fyrirtækisins, þannig að allt starfsfólk upplifi sig velkomið.
9. Auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kynjanna. Þær eiga ekki að vera einu kyni til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríða gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

## Kynjafjölbreytni


Hlutfall kvenna í fyrirtækinu




Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan



Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda



Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn



4. Fjölbreytileiki29

Fjölbreytileiki..... 30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti..... 31

Kynjahlutföll..... 32

Jafnvægisvögin..... 33

Hinsegin vottun Samtakanna '78..... 34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu..... 34

Kynhlutlaus salerni..... 34

Aðgengi fyrir öll..... 35

Íslenskukennsla fyrir öll..... 35

Starfsþróun og menntunarstig..... 35

Núll-slysastefna..... 36

Heilsueflandi vinnustaður..... 37

Fræðsla og þjálfun..... 38

Starfaskipti..... 38


Efnisyfirlit..... 2




## Kynjahlutföll

Peir sem skilgreina sig sem karlmenn hafa verið í meirihluta hjá Ölgerðinni gegnum árin. Hlutfall þeirra sem skilgreina sig sem karlmenn er hátt í framleiðslu og vöruhúsi. Áhugi þeirra sem skilgreina sig sem karlmenn á störfum er einnig meiri ef miðað er við hlutfall þeirra sem sækja um stöður. Hlutfall millistjórnenda var í takt við kynjaskiptinu fyrirtækisins fyrir nokkrum árum. Kynjahlutfall millistjórnenda hefur farið úr því að vera 30% þeirra sem skilgreina sig sem konur árið 2020 upp í 42% konur. Það hefur verið eitt af markmiðunum að jafna stöðuna þar og gefa fleiri konum innan Ölgerðarinnar tækifæri að fá stöðuhækkun..


Hér má sjá kynjaskiptingu síðustu sex ára



Millistjórnendur



Framkvæmdastjórn



4. Fjölbreytileiki29

Fjölbreytileiki.....

30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....

31

Kynjahlutföll.....

32

Jafnvægisvögin.....

33

Hinsegin vottun Samtakanna '78.....

34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....

34

Kynhlutlaus salerni.....

34

Aðgengi fyrir öll.....

35

Íslenskukennsla fyrir öll.....

35

Starfsþróun og menntunarstig.....

35

Núll-slysastefna.....

36

Heilsueflandi vinnustaður.....

37

Fræðsla og þjálfun.....

38

Starfaskipti.....

38

Efnisyfirlit.....


2



## Jafnvægisvogin

Við hjá Ölgerðinni höfum skrifað undir Jafnvægisvogina og tökum þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Við skuldbindum okkur einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnnum hlutafélaga, lög nr. 13/2010. Við heitum því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar og leggja verkefninu lið í öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnun sem tengist öflun upplýsinga um stöðu mála ásamt viðburðum verkefnisins.

Hlutfall kynja í framkvæmdastjórn 2022



4. Fjölbreytileiki29

Fjölbreytileiki.....30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....31

Kynjahlutföll.....32

Jafnvægisvogin.....33

Hinsegin vottun Samtakanna '78.....34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....34

Kynhlutlaus salerni.....34

Aðgengi fyrir öll.....35

Íslenskukennsla fyrir öll.....35

Starfsþróun og menntunarstig.....35

Núll-slysastefna.....36

Heilsueflandi vinnustaður.....37

Fræðsla og þjálfun.....38

Starfaskipti.....38

Efnisyfirlit.....2





## Hinsegin vottun Samtakanna '78

Ölgerðin varð á árinu fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hljóta vottun Samtakanna '78 sem hinseginvænn vinnustaður. Vegferðin í þeirri vottun fólst meðal annars í fræðslu fyrir starfsfólk á hinseginleikanum ásamt því að framkvæma úttektir á fyrirtækinu með hinseginleikann í huga. Um 60% starfsfólks sat fræðsluna og unnið var með niðurstöður könnunarinnar. Þetta var einn liður í því að auka fjölbreytileika í fyrirtækinu, minnka fordóma og bjóða öll velkomin.

## Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu

Ölgerðin lagði fram metnaðarfulla stefnu í jafnréttismálum og fjölbreytileika fyrir Jafnréttisstofu fyrir árin 2021-2024. Unnið er markvisst að því að útrýma fordómum í fyrirtækinu og bjóða öll velkomin. Einn þáttur í því er að jafna hlut kvenna innan fyrirtækisins. Lögð var mikil áhersla á fræðslu árið 2023. Einnig hefur farið mikil vinna í að skapa inngildandi vinnustað, meðal annars með því að breyta öllum salernum í kynhlutlaus salerni, bæta við búningsherbergjum fyrir konur og setja upp hleðslustöðvar fyrir hreyfihamlaða í bílastæðahúsi.

## Kynhlutlaus salerni

Öll salerni í Ölgerðinni eru kynhlutlaus. Þetta stuðlar að því að öll upplifi sig velkomin óháð kyni hjá Ölgerðinni. Kynhlutlaus salerni skipta þau sem ekki falla inn í hefðbundna kynjatríhyggju máli, þ.e. fólk sem fæðist ekki með dæmigerð ytri kyneinkenni, trans fólk (kynvitund er ekki í samræmi við líffræðilegt kyn) og kynsegin fólk. Að þurfa að gangast við merkjum karla eða kvenna þegar hvorugt hentar þeirra kynvitund getur valdið kvíða.



<b>4. Fjölbreytileiki</b>	<b>29</b>
Fjölbreytileiki.....	30
Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....	31
Kynjahlutföll.....	32
Jafnvægisvögin.....	33
Hinsegin vottun Samtakanna '78.....	34
Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....	34
Kynhlutlaus salerni.....	34
Aðgengi fyrir öll.....	35
Íslenskukennsla fyrir öll.....	35
Starfsþróun og menntunarstig.....	35
Núll-slysastefna.....	36
Heilsuefandi vinnustaður.....	37
Fræðsla og þjálfun.....	38
Starfaskipti.....	38
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>



## Aðgengi fyrir öll

Gerð var úttekt, í samstarfi við Sjálfsbjörgu, á aðgengi fyrir hreyfihamlaða að húsnæði Ölgerðarinnar sem leiddi í ljós að gera þarf breytingar á aðkomu að hús-

næði fyrirtækisins. Unnið var að nýjum teikningum á árinu og farið af stað í útboð. Stendur til að bæta aðkomuna á þessu ári.

## Íslenskukennsla fyrir öll – Bara tala

Við höfum hvatt starfsfólk til sækja íslenskukennslu í húsnæði Ölgerðarinnar til að auðvelda starfsfólki að sækja nám. Í mars 2024 var tekið í notkun Bara tala, stafrænn íslenskukennari, tekinn í notkun Bara tala er í formi apps sem byggir á gervigreind og íslenskri mál-tækni. Sérstaklega er tekið tillit til starfsemi Ölgerðar-innar í vali á orðum og notast er við sjónrænar vís-bendingar og myndir til að auðvelda orðaforðaöflun,

hlustunarfærni og hagnýtt minni fyrir notanda. Leit-ast er við að senda allt efni hjá fyrirtækinu út á bæði íslensku og ensku, t.d. atvinnuauglýsingar. Á starfs-mannadeginum okkar, já deginum, bjóðum við t.d. upp á túlka á íslensku og ensku.

## Starfsþróun og menntunarstig

Lögð hefur verið vinna í að kortleggja menntunar-stig starfsfólks hjá fyrirtækinu. Með því að hafa yfir-sýn yfir menntunarstig er auðveldara að koma auga á tækifæri til starfsþróunar. Ölgerðin er fjölbreyttur, en fyrst og fremst skemmtilegur vinnustaður. Hjá okkur starfar fólk með fjölbreyttan bakgrunn og fagmenntun, meðal annars bakarar, þjónar, matreiðslumenn, snyrti-fræðingar, bílstjórar með meirapróf, viðskiptafræðingar,

verkfræðingar, sálfræðingar, lífeindafræðingar, mat-vælafræðingar, stjórnmálafræðingar, leikarar, plötu-snúðar og bruggmeistarar. Störf hjá Ölgerðinni eru fjölbreytt og stór hluti starfa hjá okkur krefjast ekki menntunar. Hjá Ölgerðinni býðst starfsfólki fræðslu-styrkur sem er hugsaður til endurmenntunar og er hluti af starfsþróunar- og endurmenntunarstefnu Ölgerðarinnar.



<b>4. Fjölbreytileiki</b>	<b>29</b>
Fjölbreytileiki.....	30
Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....	31
Kynjahlutföll.....	32
Jafnvægisvogin.....	33
Hinsegin vottun Samtakanna '78.....	34
Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....	34
Kynhlutlaus salerni.....	34
Aðgengi fyrir öll.....	35
Íslenskukennsla fyrir öll.....	35
Starfsþróun og menntunarstig.....	35
Núll-slysastefna.....	36
Heilsueflandi vinnustaður.....	37
Fræðsla og þjálfun.....	38
Starfaskipti.....	38
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>





## Núll-slysastefna

Öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðabjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggu verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni starfar öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldinu eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum „næstum því slysum“ þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.

Á síðasta ári var tekið inn nýtt stöðugildi öryggisfulltrúa, sérfræðings í öryggis- og gæðamálum. Þannig er verið að leggja enn meiri áherslu á öryggisstefnu fyrirtækisins og auðvelda eftirfylgni öryggismála. Á árinu var ráðist í umfangsmikið verkefni, að uppfæra núverandi brunavarnarbúnað og samtengja búnað í öllum húsum. Ferlar voru uppfærðir og brunaboð frá stjórnstöð berast nú einnig í app hjá hússtjórn. Einnig var fjárfest í nýjum búnaði til að efla brunavarnir húsnæðisins.

Slys og fjarverustundir vegna slysa jukust á milli ára. Hvert slys er einu of mikið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núll-slysa-stefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.

Heildarfjöldi slysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks



4. Fjölbreytileiki29

Fjölbreytileiki.....30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....31

Kynjahlutföll.....32

Jafnvægisvogin.....33

Hinsegin vottun Samtakanna '78.....34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....34

Kynhlutlaus salerni.....34

Aðgengi fyrir öll.....35

Íslenskukennsla fyrir öll.....35

Starfsþróun og menntunarstig.....35

Núll-slysastefna.....36

Heilsueflandi vinnustaður.....37

Fræðsla og þjálfun.....38

Starfaskipti.....38

Efnisyfirlit.....2



## Heilsueflandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt til heilsueflingar hjá Ölgerðinni með margvíslegum hætti. Því er boðið að nýta sér heilsu- styrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þau sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.

Ár hvert er haldin heilsu- og öryggisvika með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Í vikunni fer fram fjöldi viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna og jógatíma. Ölgerðin stuðlar að því að fyrirkomulagið og dagskráin séu eins og best er á kosið hverju sinni svo flest starfsfólk geti fundið eitt- hvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu.

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur, heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustubættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsfólks, þjón-ustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjón-ustu auk annarrar þjónustu.

Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsfólki innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heil- brigðiskerfisins. Starfsfólk leitar áfram til heimilislækna sinna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistir starfsfólks innan mismunandi deilda fyrirtækisins og mögulegt er að bera saman deildir eða Ölgerðina við önnur fyrir- tæki. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til grein- ingar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

Starfsfólki Ölgerðarinnar býðst bæði heilsustyrkur og samgöngustyrkur. Við hvetjum starfsfólk til að sinna heilsu sinni vel og stunda hreyfingu og líkamsrækt sem og andlegri heilsu. Við hvetjum einnig starfsfólk til að nýta vistvænar og heilsusamlega samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað.



#### 4. Fjölbreytileiki 29

Fjölbreytileiki.....	30
Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....	31
Kynjahlutföll.....	32
Jafnvægisvögin.....	33
Hinsegin vottun Samtakanna '78.....	34
Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....	34
Kynhlutlaus salerni.....	34
Aðgengi fyrir öll.....	35
Íslenskukennsla fyrir öll.....	35
Starfsþróun og menntunarstig.....	35
Núll-slysastefna.....	36
Heilsueflandi vinnustaður.....	37
Fræðsla og þjálfun.....	38
Starfaskipti.....	38

Efnisyfirlit.....	2
-------------------	---



## Fræðsla og þjálfun

Starfsfólk Ölgerðarinnar er ein af dýrmætustu auðlindum fyrirtækisins fyrirtækisins. Það sér ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það dugnaður þess og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa keypt vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er Ölgerðinni því mikið kappsmál að sjá til þess að starfsfólki fyrirtækisins líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni í takt við árangur þess.

Einn af mikilvægustu þáttunum í þessari vinnu er að sjá til þess að starfsfólk njóti góðrar þjálfunar og að góður árangur í starfi skili sér í aukinni ábyrgð og umbun innan fyrirtækisins.

## Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynnast samstarfsfélögum og til þess að kynnast störfum hvers annars enn betur. Í starfaskiptum heim-sækir starfsfólk aðrar deildir og ver að minnsta kosti hálfum degi með starfsfólki á öðrum vinnustöðvum og lærir af því.

Tveir mánuðir á ári eru sérstaklega tileinkaðir starfaskiptum en að sjálsögðu getur starfsfólk farið í starfaskipti á öðrum tímum. Þegar nýtt starfsfólk hefur störf fer það oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fljótt inn á starfsemina og kynnast fólki.

Á síðasta ári var innleiddur nýr og betri fræðsluvettvangur, Ölgerðarskólinn. Ölgerðarskólinn er rafrænt fræðslukerfi sem heldur utan um alla skyldufræðslu og aðra fræðslu fyrir starfsfólk Ölgerðarinnar. Hlutverk Ölgerðarskólans er að auka þekkingu starfsfólks og viðhalda henni með aðgengilegum námskeiðum og fræðslu. Í Ölgerðarskólanum er einnig auðvelt aðgengi að starfsmannahandbók og öðru efni sem starfsfólk getur kynnt sér.

Þegar starfsfólk hefur störf hjá Ölgerðinni er því veittur aðgangur að Ölgerðarskólanum. Það fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem farið er yfir öll helstu atriði varðandi sögu, stefnur, reglur og rekstur fyrirtækisins.

Skyldufræðsla nýs starfsfólks er ákvörðuð út frá þörfum og þeim gæðakröfum sem Ölgerðin þarf að uppfylla hverju sinni.



4. Fjölbreytileiki

29

Fjölbreytileiki.....

30

Stefna um fjölbreytileika og jafnrétti.....

31

Kynjahlutföll.....

32

Jafnvægisvogin.....

33

Hinsegin vottun Samtakanna '78.....

34

Inngilding með aukinni jafnréttisfræðslu.....

34

Kynhlutlaus salerni.....

34

Aðgengi fyrir öll.....

35

Íslenskukennsla fyrir öll.....

35

Starfsþróun og menntunarstig.....

35

Núll-slysastefna.....

36

Heilsueflandi vinnustaður.....

37

Fræðsla og þjálfun.....

38

Starfaskipti.....

38

Efnisyfirlit.....

2



## 5. Hringrásarhagkerfið



# Hringrásarhagkerfið

Við hjá Ölgerðinni setjum aukinn kraft í að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu. Við leggjum áherslu á að draga úr sóun í öllu ferlinu (hráefni og umbúðir, hönnun, framleiðsla, flutningur, notkun/endurnotkun/viðgerðir/deilipjónusta, söfnun og endurvinnsla).



**1. Söfnun og endurvinnsla kaffihylkja á Íslandi**

Ölgerðin og Danól flytja inn um 16 milljón kaffihylki á ári. Á árinu var sett upp söfnun og endurvinnsla kaffihylkja sem er með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkt hér á Íslandi. Hægt er að skila notuðum kaffihylkjum á allar endurvinnslustöðvar Sorpu á höfuðborgarsvæðinu og endurvinnslustöðvar Íslenska Gámafélagsins á landsbyggðinni. Hylkin eru svo forunnin hjá Íslenska Gámafélaginu þar sem þau eru hökkuð og kaffikorgurinn sigtaður frá. Kaffikorgurinn fer í jarð- og gasgerðarstöð GAJU og verður þar að áburði. Málmurinn fer í málmendurvinnslu. Á kaffihylki.is er hægt að finna nánari upplýsingar um verkefnið.



**2. Dregið úr matarsóunar í vefverslun**

Á forsíðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, eru þær vörur sem eru á stórlækkkuðu verði vegna tæprar dagsetningar nú sýnilegar. Verkefnið hófst í september 2022 og síðan þá hefur fjöldi vara sem nálgast síðasta söludag verið seldur. Á árinu var verkefnið kynnt markvisst fyrir viðskiptavinum og hefur það skilað sér í minni matarsóun.



**3. Fækkun hráefna og endurvinnsla umbúða**

Við hjá Ölgerðinni höfum lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisvænar og kostur er til að mæta breyttum kröfum viðskiptavina. Helstu mælikvarðar hvað varðar umhverfisvænar umbúðir eru fækkun hráefna í umbúðum, hlutfall endurnýttts hráefnis og flokkunarhlutfall. Á árinu var farið í að uppfæra plastlínu fyrirtækisins út frá nýrri reglugerð sem krefst þess að tappa á plastflöskum séu áfastir. Samhliða því voru flöskurnar léttar um 3,6 til 4,5 g eftir stærð eða sem samsvarar sparnaði á 70 tonnum af plasti á ári. Plastflöskur félagsins eru úr 50% endurunnu plasti. Ölgerðin er einnig hluthafi í Endurvinnslunni hf., en örugg endurvinnsla umbúða af drykkjavörum styður hið mikilvæga hringrásarhagkerfi.



**4. Aukin flokkun, endurnotkun og uppvinnsla virðisstrauma á árinu**

Ný úrgangslöggjöf var innleidd á árinu og meðal annars var farið í að samræma allar merkingar. Flokkun hefur aukist á árinu og töluvert meira fer nú til endurnýtingar en áður sem skilar sér í lægra kolefnis-spori vegna úrgangs frá rekstri. Á árinu var haldið áfram með að skipta hefðbundnum perum út fyrir LED perur og í skrifstofu-byggingunni var notkun handþurrkna hætt og handblásarar settir upp í staðinn Dæmi um verkefni sem stuðlar að endurnotkun eru plastbakkarnir sem koma undan Little Moons ískúlunum við kynningar en þeir eru nú gefnir leikskólum þar sem börnin nýta þá undir málningu í föndurgerð. Dæmi um uppvinnslu virðisstrauma er að starfsmannafatnaður sem fellur til í starfseminni er nú uppunninn, t.d. í stóla. Hluti af því geri sem fellur til við bjórgerð er notað í sjampó, svokallað bjórsjampó.

5. Hringrásarhagkerfið 39

Hringrásarhagkerfið.....

40

Söfnun og endurvinnsla kaffihylkja á Íslandi .....

41

Minnkun hráefna og endurvinnsla umbúða .....

41

Minnkun matarsóun í vefverslun .....

41

Aukin flokkun, endurnotkun og uppvinnsla virðisstrauma á árinu ....

42

Endurvinnsla umbúða .....

43

Efnisyfirlit .....

2



## Söfnun og endurvinnsla kaffihylkja á Íslandi

Ölgerðin og Danól flytja inn um 16 milljón kaffihylki á ári. Á árinu var sett upp söfnun og endurvinnsla kaffihylkja sem er með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkt hér á Íslandi. Hægt er að skila notuðum kaffihylkjum til allra endurvinnslustöðva Sorpu á höfuðborgarsvæðinu og endurvinnslustöðva Íslenska Gámafélagsins á landsbyggðinni.

Hylkin eru svo forunnin hjá Íslenska Gámafélaginu þar sem þau eru hökkuð og kaffikorgurinn sigtaður frá. Kaffikorgurinn fer í jarð- og gasgerðarstöð GAJU og verður þar að áburði. Málmurinn fer í málmendurvinnslu. Á kaffihylki.is er hægt að finna nánari upplýsingar um verkefnið.

## Fækkun hráefna og endurvinnsla umbúða

Ölgerðin hefur lagt áherslu á að umbúðir félagsins séu eins umhverfisvænar og kostur er til að mæta breyttum kröfum viðskiptavina. Helstu mælikvarðar hvað varðar umhverfisvænar umbúðir eru fækkun hráefna í umbúðum, hlutfall endurnýttts hráefnis og flokkunarhlutfall. Á árinu var plastlína fyrirtækisins uppfærð út frá nýrri reglugerð sem krefst þess

að tappar á plastflöskum séu áfastir Samhliða því voru flöskurnar léttar um 3,6 til 4,5 g eftir stærð eða sem samsvarar sparnaði á 70 tonnum af plasti á ári. Plastflöskur félagsins eru úr 50% endurunnu plasti. Ölgerðin er einnig hluthafi í Endurvinnslunni hf., en örugg endurvinnsla umbúða af drykkjavörum styður hið mikilvæga hringrásarhagkerfi.

## Dregið úr matarsóun í vefverslun

Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að minnka matarsóun. Á forsíðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, er nú vakin sérstök athygli á vörum sem eru við það að renna út og eru því á lækkuðu verði. Einnig er fylgst grannt með síðasta söludegi vara og gripið snemma inn í með afsláttum

ef hætt er við því að varan renni út áður en hún selst. Verkefnið hófst í september 2022 og síðan þá hefur fjöldi vara sem nálgast síðasta söludag verið seldur. Á árinu var verkefnið kynnt markvisst fyrir viðskiptavinum og hefur það skilað sér í minni matarsóun.

### 5. Hringrásarhagkerfið 39

Hringrásarhagkerfið..... 40

Söfnun og endurvinnsla  
kaffihylkja á Íslandi .....41

Minnkun hráefna og  
endurvinnsla umbúða .....41

Minnkun matarsóun í vefverslun .....41

Aukin flokkun, endurnotkun  
og uppvinnsla virðisstrauma á árinu .... 42

Endurvinnsla umbúða..... 43

Efnisyfirlit ..... 2



## Aukin flokkun, endurnotkun og uppvinnsla virðisstrauma á árinu

Ný úrgangslöggjöf var innleidd á árinu og meðal annars farið í að samræma allar merkingar. Flokkun hefur aukist á árinu og töluvert meira fer nú til endurnýtingar en áður sem skilar sér í lægra kolefnis-

spori vegna úrgangs frá rekstri. Á árinu var haldið áfram með að skipta hefðbundnum perum út fyrir LED perur og í skrifstofu-byggingunni var notkun handþurrkna hætt og handblásarar settir upp í staðinn Dæmi

um verkefni sem stuðlar að endurnotkun eru plastbakkar sem koma undan Little Moons ískúlunum við kynningar sem eru nú gefnir leikskólum þar sem börnin nýta þá undir málningu í föndurgerð.

### Uppvinnsla virðisstrauma

Hringrásarhagkerfið skiptir okkur miklu máli og reynum við helst að uppvinna efni sem fellur til ef þess er kostur. Dæmi um uppvinnslu virðisstrauma er starfsmannafatnaður sem fellur til í starfseminni í samstarfi við Slembival. Gamall starfsmannafatnaður var


endurnýttur í grjónpúðastóla fyrir kaffihús Ölgerðarinnar og fjölnota poka. Fatnaðurinn var tekinn í sundur, litaður og settur aftur saman. Annað dæmi er að hluti af því geri sem fellur til við bjórgerð er notað í sjampó, svokallað bjórsjampó.

### Aukin flokkun


Flokkun hefur aukist á árinu og töluvert meira fer nú til endurnýtingar en áður sem skilar sér í lægra kolefnisspori vegna úrgangs frá rekstri.




Flokkunarhlutfall úrgangs




Endurvinnsluhlutfall úrgangs



Heildarlosun vegna úrgangs frá rekstri



Heildarmagn úrgangs



**5. Hringrásarhagkerfið 39**

Hringrásarhagkerfið..... 40

Söfnun og endurvinnsla kaffihylkja á Íslandi .....41

Minnkun hráefna og endurvinnsla umbúða .....41

Minnkun matarsóun í vefverslun .....41

Aukin flokkun, endurnotkun og uppvinnsla virðisstrauma á árinu .... 42

Endurvinnsla umbúða..... 43


Efnisyfirlit ..... 2




## Endurvinnsla umbúða

Ölgerðin er einn eigenda Endurvinnslunnar sem á stóran þátt í að tryggja drykkjaumbúðum framhaldslíf. Við höfum gert vistferilsgreiningu á kolefnisspori umbúða sem er aðgengilegt öllum á vefsíðu Ölgerðarinnar. Það er mikilvægt að einnota drykkjavöruumbúðum sé skilað í endurvinnslu svo þær eigi möguleika á framhaldslífi. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjavöruumbúða hérlandis og selur til endurvinnslu. Skilahlutfallið var 90,6% árið 2023.

### Skilahlutfall árið 2023



### Heildarskilahlutfall eftir árum



### 5. Hringrásarhagkerfið 39

- Hringrásarhagkerfið..... 40
- Söfnun og endurvinnsla kaffihylkja á Íslandi .....41
- Minnkun hráefna og endurvinnsla umbúða .....41
- Minnkun matarsóun í vefverslun .....41
- Aukin flokkun, endurnotkun og uppvinnsla virðisstrauma á árinu .... 42
- Endurvinnsla umbúða ..... 43



## 6. Kolefnishlutleysi





6. Kolefnishlutleysi44

Kolefnishlutleysi .....	45
Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum.....	46
Rafvæðing bílaflotans .....	47
Rafvæðing í framleiðslu .....	48
Losunarkræfni tekna.....	49
Hvað er Science Based Targets (SBTi)? .....	50
Kolefnishlutleysi 2040 .....	50
Kolefnissporið! .....	51
Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum.....	52
Orkusparandi verkefni.....	53
Viljayfirlýsing um skógrækt .....	53
Loftslagstengd áhætta og tækifæri .....	53

# Kolefnishlutleysi

Ölgerðin hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Aðferðafræðin byggir á Science Based Targets (SBTi) þar sem unnið er að því að draga úr kolefnislosun í allri virðiskeðjunni og það sem stendur eftir er svo bundið með vottuðum kolefniseiningum.



## Minnka kolefnisspor

Kolefnisspor eigin reksturs (umfang 1 og 2) jókst um 192 tonn CO2 ígilda á milli ára. Ástæðan var leki í síðasta óumhverfisvæna kælikerfinu í húsinu sem stendur til að gera upp. Einnig var olía á varagufuketil í framleiðslu keypt á árinu en honum hefur nú verið skipt út og engin losun er vegna hans frá því í júní.



## Losunarkræfni tekna

Losunarkræfni tekna minnkar um 7% milli ára. Ölgerðin losar hlutfallslega minna af gróðurhúsalofttegundum þrátt fyrir að umfang starfseminnar aukist milli ára.



## Rafvæðing bílaflotans

Á síðasta ári tók Ölgerðin á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi. 40% af bílaflota Ölgerðarinnar er nú rafmagnsbílar og markmiðið er að hlutfallið verði 100% árið 2030.



## Rafvæðing framleiðslu

Árið 2016 var olíuketillinn stærsti losunarpáttur fyrirtækisins. Um mitt ár 2018 var rafmagnsketillinn settur í forgang og olíuketillinn nýttur sem varaafli. Á síðasta ári var fjárfest í nýjum 3MW rafmagnskatli sem kom í stað 1,5MW olíuketils og hefur losun í framleiðslu verið 0% frá því í júní.



## Orkusparandi verkefni

Unnið var að orkusparandi verkefnum í starfseminni. Til að stuðla að loftsparnaði var sérstakur stjórnbúnaður hannaður. Hann stýrir nú loftflæði á meðan framleiðsla stendur yfir, þetta dregur bæði úr orkunotkun og minnkar slit á loftpressum. Að auki voru varmaskiptar settir á heitavatnstanka ölsuðu Ölgerðarinnar, sem leiðir til verulegs rafmagns- og tímasparnaðar í suðu á bjór.



## Viljayfirlýsing um skógrækt

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Ölgerðin skrifuðu undir viljayfirlýsingu um skógrækt á hluta af jörð félagsins í Lundarreykjadal. Væntanlegur samningur mun ná til skógræktar á 140 hekturum og verða um 350.000 plöntur gróðursettar.





## Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum

Ölgerðin hefur minnkað kolefnisspor reksturs (umfang 1 og 2) um 52% frá 2016 til 2023 á sama tíma og velta fyrir-tækisins hefur aukist margfalt. Yfirlýsing um 40% samdrátt kolefnisspors 16. nóvember 2015 í Höfða – markmiði var náð fram árið 2019. SBTi markmið um 42% minna kolefnisspor frá umfangi 1 og 2 árið 2030 samanborið við 2020 – samdráttur er nú 4%.

Kolefnisspor eigin reksturs jókst um 192 tonn CO<sub>2</sub> ígilda á milli ára. Ástæðan var leki í síðasta óumhverfisvæna kæli-kerfinu í húsinu sem stendur til að gera upp. Einnig var olía á varagufuketil í framleiðslu keypt á árinu en honum hefur nú verið skipt út og engin losun er vegna hans frá því í júní.

Upprunaábyrgðir fylgdu frítt með raforku til sölufyrirtækja á heildsölumarkaði út árið 2022. Í fyrra þurfti Ölgerðin að kaupa upprunaábyrgð með keyptri raforku. Þetta eru miklir fjármunir og aukakostnaður fyrir þau fyrirtæki sem eru á sjálfbærnivegferð. Myndin sýnir hvernig kolefnisspor reksturs myndi breytast án markaðsaðgerða.



### 6. Kolefnishlutleysi 44

Kolefnishlutleysi .....	45
Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum .....	46
Rafvæðing bílaflotans .....	47
Rafvæðing í framleiðslu .....	48
Losunarkræfni tekna .....	49
Hvað er Science Based Targets (SBTi)? .....	50
Kolefnishlutleysi 2040 .....	50
Kolefnissporið! .....	51
Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum .....	52
Orkusparandi verkefni .....	53
Viljayfirlýsing um skógrækt .....	53
Loftslagstengd áhætta og tækifæri .....	53




## Rafvæðing bílaflotans

Á síðasta ári tók Ölgerðin á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi. Árið 2030 verða allir bílar Ölgerðarinnar rafbílar en í lok árs 2023 var 40% af bílaflotanum rafbílar. Á síðasta ári fór einnig mikil vinna í það að tryggja þá innviði sem þurfti til að anna framtíðarraforkupörf vöruflutningabíla og verður nýr spennir tekinn í notkun um mitt árið 2024. Bráðabirgðainnviðir voru settir upp til að tryggja rafmagn fyrir þá rafmagnsflutningsbíla sem komu í fyrra. Til viðbótar hefur

verið fjárfest í tveim vöruflutningabílum til viðbótar og verða þá 4 af 11 vörubílum Ölgerðarinnar orðnir rafbílar. Í flota Ölgerðarinnar eru einnig um 70 fólksbílar sem starfsfólk fer á heim. Í sumum tilfellum eru innviðir heimilanna ekki komin jafn langt og markmið Ölgerðarinnar um orkuskipti. Starfsfólki er boðinn styrkur til uppsetningar hleðslustöðvar og það fær útlagðan kostnað vegna þessa verkefnis endurgreiddan.

### Kolefnislosun

tCO<sub>2</sub> ígildi



**6. Kolefnishlutleysi 44**

Kolefnishlutleysi ..... 45

Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum ..... 46

Rafvæðing bílaflotans ..... 47

Rafvæðing í framleiðslu ..... 48

Losunarkræfni tekna ..... 49

Hvað er Science Based Targets (SBTi)? ..... 50

Kolefnishlutleysi 2040 ..... 50

Kolefnissporið! ..... 51

Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum ..... 52

Orkusparandi verkefni ..... 53

Viljayfirlýsing um skógrækt ..... 53

Loftslagstengd áhætta og tækifæri ..... 53


**Efnisyfirlit ..... 2**



## Rafvæðing í framleiðslu


Pungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlarnir. Þeir eru tveir og þar til í fyrra gekk annar fyrir rafmagni og hinn fyrir olíu. Árið 2016 var olíuketillinn stærsti losunarpáttur fyrirtækisins. Um mitt ár 2018 var rafmagnsketillinn settur í

forgang og olíuketillinn nýttur sem varaafli. Á síðasta ári var fjárfest í nýjum 3MW rafmagnskatli sem kom í stað 1,5MW olíuketils og hefur losun í framleiðslu verið 0% frá því í september.




### Kolefnislosun

tCO<sub>2</sub> ígildi



### Kolefnislosun 2023

tCO<sub>2</sub> ígildi



6. Kolefnishlutleysi 44

Kolefnishlutleysi ..... 45

Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum..... 46

Rafvæðing bílaflotans ..... 47

Rafvæðing í framleiðslu ..... 48

Losunarkræfni tekna..... 49

Hvað er Science Based Targets (SBTi)?..... 50

Kolefnishlutleysi 2040 ..... 50

Kolefnissporið! ..... 51

Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum..... 52

Orkusparandi verkefni..... 53

Viljayfirlýsing um skógrækt..... 53

Loftslagstengd áhætta og tækifæri ..... 53

Efnisyfirlit ..... 2




## Losunarkræfni tekna

Losunarkræfni tekna minnkar um 7% milli ára. Ölgerðin losar hlutfallslega minna af gróðurhúsalofttegundum en áður þrátt fyrir að umfang starfseminnar aukist milli ára.

### Losunarkræfni tekna samstæða

kg CO<sub>2</sub> í/milljón



## 6. Kolefnishlutleysi 44

Kolefnishlutleysi .....	45
Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum.....	46
Rafvæðing bílaflotans .....	47
Rafvæðing í framleiðslu .....	48
Losunarkræfni tekna.....	49
Hvað er Science Based Targets (SBTi)? .....	50
Kolefnishlutleysi 2040 .....	50
Kolefnissporið! .....	51
Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum.....	52
Orkusparandi verkefni.....	53
Viljayfirlýsing um skógrækt .....	53
Loftslagstengd áhætta og tækifæri .....	53





## Hvað er Science Based Targets (SBTi)?



DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION

Við hjá Ölgerðinni settum okkur metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Targets initiative (SBTi)). Hægt er að skoða fyrirtæki sem vinna eftir þessum viðmiðum og hafa fengið það staðfest hér: [sciencebasedtargets.org/companies-taking-action#dashboard](https://sciencebasedtargets.org/companies-taking-action#dashboard)

Við höfum því skuldbundið okkur til að draga úr losun í umfangum 1 og 2 um 42% frá árinu 2020 sem kemur þá til viðbótar þeim góða árangri sem þegar hefur náðst. Auk þess ætlum við að ná enn betur utan um óbeina losun (umfang 3) og draga úr losun eftir fremsta megni. Það verður gert t.d. með því að endurskoða sendingarmáta vara til landsins, endurskoða framleiðslu umbúða og taka tillit til losunar vegna framleiðslu þeirra vara sem Ölgerðin kaupir og selur á Íslandi.

## Kolefnishlutleysi 2040

Við hjá Ölgerðinni stefnum að því að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust árið 2040 (e. Net-Zero 2040). Fyrirtækið mun þess vegna minnka losun gróðurhúsalofttegunda eins mikið og unnt er og binda það sem eftir stendur með vottuðum

kolefniseiningum. Þessu markmiði verður m.a. náð með orkuskiptum og með því að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu, frá hráefnum og umbúðum til endurvinnslu, af fullum krafti.

### 6. Kolefnishlutleysi 44

Kolefnishlutleysi .....	45
Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum.....	46
Rafvæðing bílaflotans .....	47
Rafvæðing í framleiðslu .....	48
Losunarkræfni tekna.....	49
Hvað er Science Based Targets (SBTi)? .....	50
Kolefnishlutleysi 2040 .....	50
Kolefnissporið! .....	51
Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum.....	52
Orkusparandi verkefni.....	53
Viljayfirlýsing um skógrækt .....	53
Loftslagstengd áhætta og tækifæri .....	53

Efnisyfirlit .....	2
--------------------	---







Kolefnissporið!

Markmiðið er að draga úr kolefnisspori vara Ölgerðarinnar. Okkar mælikvarði er kolefnisspor veltu. Þannig viljum við að þegar þú kaupir drykk, snyrtivöru eða aðrar vörur hjá okkur að losun á hverja einingu minnki stöðugt.


Kolefnisspor í kgCO<sub>2</sub> í/milljónum tekna




Skipting kolefnislosunar




Umfang 1



Umfang 2



Umfang 3



6. Kolefnishlutleysi 44

Kolefnishlutleysi ..... 45

Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum..... 46

Rafvæðing bílaflotans ..... 47

Rafvæðing í framleiðslu ..... 48

Losunarkræfni tekna..... 49

Hvað er Science Based Targets (SBTi)? ..... 50

Kolefnishlutleysi 2040 ..... 50

Kolefnissporið! ..... 51

Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum..... 52

Orkusparandi verkefni..... 53

Viljayfirlýsing um skógrækt ..... 53

Loftslagstengd áhætta og tækifæri ..... 53

Efnisyfirlit ..... 2




<b>6. Kolefnishlutleysi</b>	<b>44</b>
Kolefnishlutleysi .....	45
Kolefnisspor reksturs 52% minna með markaðsaðgerðum.....	46
Rafvæðing bílaflotans .....	47
Rafvæðing í framleiðslu .....	48
Losunarkræfni tekna.....	49
Hvað er Science Based Targets (SBTi)?.....	50
Kolefnishlutleysi 2040 .....	50
Kolefnissporið! .....	51
Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum.....	52
Orkusparandi verkefni.....	53
Viljayfirlýsing um skógrækt.....	53
Loftslagstengd áhætta og tækifæri .....	53
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>2</b>

# Niðurbrot á kolefnisspori Ölgerðarinnar eftir árum

Hér sést niðurbrot á kolefnislosun Ölgerðarinnar og breyting á milli ára. Eðlilegt er að umbúðir, hráefni, flutningur og endurvinnsla umbúða aukist með aukinni sölu. Breyting á sjóflutningi Iceland Spring og aðkeyptri vöru og þjónustu stafar af breytingu á eignarhaldi Iceland Spring. 49% af losun vegna flutninga féll undir fjárfestingar árið 2022 en fellur nú 100% af losun vegna flutninga undir aðkeyptan flutning og þjónustu. Eldsneytisnotkun farartækja fer lækkandi þrátt fyrir aukið umfang og eru rafbílar nú 40% af bílaflotanum. Magn olíu fyrir olíuketilinn minnkar á milli ára en

bilun varð á rafmagnsgufukatlinum seinni hluta árs 2022. Olíuketillinn var fjarlægður á árinu og frá september hefur engin olía verið notuð á katla Ölgerðarinnar. Viðskiptaferðir hafa aukist eftir Covid-árin og árshátíðarferð Ölgerðarinnar til Prag árið 2022 sést í tölunum. Úrgangur frá rekstri minnkar mikið milli ára með betri úrgangsstýringu. Losun vegna kælimiðla jókst milli ára en leki var í síðasta óumhverfisvæna kælikerfinu á árinu. Kaup á tölvubúnaði jókst á milli ára en skjáir á skrifstofu Ölgerðarinnar voru uppfærðir.

## Niðurbrot á umfangi





## Orkusparandi verkefni

Unnið var að orkusparandi verkefnum í starfseminni. Til að stuðla að loftsparnaði var sérstakur stjórnbúnaður sem stýrir loftflæði á meðan framleiðsla stendur yfir hannaður; þetta dregur bæði úr orkunotkun og minnkar slit á loftpressum. Að auki voru varmaskiptar settir á heitavatnstanka ölsuðu Ölgerðarinnar, sem leiðir til verulegs rafmagns- og tíma- sparnaðar í suðu á bjór.

## Viljayfirlýsing um skógrækt

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Ölgerðin skrifuðu undir viljayfirlýsingu um skógrækt á hluta af jörð félagsins í Lundarreykjadal. Væntanlegur samningur mun ná til skóg- ræktar á 140 hekturum og verða um 350.000 plöntur gróð- ursettar.

## Loftslagstengd áhætta og tækifæri

